

Stjórnarfundur Beint frá býli haldinn í Geitfjársetrinu á Háafelli 23.11.2015

Mætt voru Guðmundur Jón, Hanna og Jóhanna.

Fyrst tekinn fyrir póstur frá Jóni Örvari um hugmynd hans um Markaðstorg fyrir matvörur.

Ákveðið að áframsenda póst hans með upplýsingum og könnun til félag Bfb.

Annað mál umsókn frá Skarðaborg um gæðamerki Bfb sem var samþykkt og umsókn frá Birkihlíð í Skagafirði um inngöngu í félagið þau eru með nautakjöt og stefna á kjötvinnslu og var sú umsókn líka samþykkt.

Rætt var um fundinn sen stjórnin var boðuð á 3.júlí með fulltrúum MAST og þau mál rædd, sjá síðustu fundargerð.

Fundur gerir alvarlegar athugasemdir við mismunun á söluleyfum á kjöti eftir landshlutum.

Stjórn fól undirritaðri að ræða við Árna Snæbjörnsson um þann möguleika að hann tæki að sér nokkur sérverkefni fyrir félagið varðandi leyfisveitingar og samskipti við Matvælastofnun, og heilbrigðiseftirlit.

Gjaldkeri af góðmennsku sinni gaf félögum afslátt af árgjöldum 2015 en fullt árgjald verður innheimt 2016.

Ákveðið var að sækja um styrki til ýmissa aðila á árinu.

Og við stefnum á að kaupa auglýsingar í útvarpi og einnig skjáauglýsingar á netinu.

Ekki fleira tekið fyrir og fundi slitið.

Jóhanna B Þorvaldsdóttir ritari.